

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/990****2020/EES/5/13****frá 17. júní 2019****um breytingu á skránni yfir ættkvíslir og tegundir í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB,  
í II. viðauka tilskipunar ráðsins 2008/72/EB og í viðaukanum við tilskipun ráðsins 93/61/EBE (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 2. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2008/72/EB frá 15. júlí 2008 um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu fræi <sup>(2)</sup>, einkum 3. og 22. mgr. 1. gr.,með hliðsjón af tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/61/EBE frá 2. júlí 1993 um yfirlit yfir skilyrðin sem uppfylla þarf að því er varðar fjölgunar- og plöntunarefni matjurta, að undanskildu fræi, í samræmi við tilskipun ráðsins 92/33/EBE <sup>(3)</sup>, einkum 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipunum 2002/55/EB og 2008/72/EB er kveðið á um tegundirnar sem falla undir þær með töflu í tveimur dálkum, þar sem vísindaheiti tegundar er skráð í öðrum dálknum en eitt eða fleiri almenn heiti fyrir hverja tegund í hinum dálknum.
- 2) Tiltekin yrki grænmetistegunda tilheyra tegundum sem eru skráðar undir vísindaheitum sínum en ekki þeim gerðum af yrkjum sem er lýst með almennum heitum. Þess vegna ætti að tilgreina hvort yrki falli undir gildissvið tilskipana 2002/55/EB og 2008/72/EB.
- 3) Í þeirri lýsingu ætti að taka tillit til þess að sum yrki tiltekinna, mismunandi grænmetistegunda eru markaðssett víðsvegar um Sambandið en önnur eru takmörkuð við landsbundna eða svæðisbundna markaði. Því væri ekki rétt að öll yrki þeirra grænmetistegunda féllu undir gildissviðið. Af þessum sökum ætti að tilgreina að öll yrki tiltekinna tegunda skuli falla undir gildissviðið en að því er varðar tilteknar aðrar tegundir ættu eingöngu tiltekin yrki að falla undir gildissviðið.
- 4) Í alþjóðlega nafnakerfinu fyrir ræktaðar plöntur (e. *International Code of Nomenclature for Cultivated Plants (ICNCP)*) var innleiddur formlegi flokkurinn „hópur“ til að flokka yrki ræktaðra tegunda. Flokkurinn „hópur“ er hentugt tæki til að skilgreina yrki sem tilheyra tiltekinni tegund og falla undir gildissvið tilskipana 2002/55/EB og 2008/72/EB.
- 5) Í þeim tilgangi að tilgreina hvort öll yrki grænmetistegundar eða eingöngu tilteknir hópar falli undir gildissviðið ætti að breyta töflunum yfir tegundirnar sem kveðið er á um í tilskipunum 2002/55/EB og 2008/72/EB. Viðkomandi grasafraeðiheiti grænmetistegunda og heiti hópa sem tilheyra þeim ættu að koma fram í stigskiptri röð til að útrýma hugsanlegri tvíræðni að því er varðar gildissvið yrkjanna í viðkomandi tegund.
- 6) Það að nota tegundablandaða kynblöndun og kynblöndun yrkja innan tegundar getur leitt af sér yrki grænmetistegunda sem tilheyra ekki neinni fastrí tegund eða föstum hóp. Til þess að gildissvið tilskipunar 2002/55/EB nái yfir slíkar gerðir yrkja ætti skráin yfir tegundir að innihalda blendinga milli tegunda og hópa sem eru tilgreind í skránni í b-lið 1. mgr. 2. gr. í þeirri tilskipun.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 276/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

(2) Stjútíð. ESB L 205, 1.8.2008, bls. 28.

(3) Stjútíð. EB L 250, 7.10.1993, bls. 19.

- 7) Hóparnir, sem tilgreindir eru í skránni í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/55/EB, ættu einnig að koma fram, eftir því sem við á, í skránum í a-lið 3. liðar II. viðauka og 2. lið III. viðauka við þá tilskipun.
- 8) Því ætti að breyta tilskipunum 2002/55/EB, 2008/72/EB og 93/61/EBE til samræmis við það.
- 9) Enn fremur kom tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/61/EBE til framkvæmdar 4. gr. tilskipunar ráðsins 92/33/EB<sup>(4)</sup> sem hefur verið felld úr gildi og 4. gr. tilskipunar 2008/72/EB kom í hennar stað. Með viðaukanum við tilskipun 93/61/EBE er komið á fót skrá þar sem tilgreind eru þau skilyrði sem grænmetisfjölgunarefni þarf að uppfylla og þær tegundir skráðar ásamt skaðlegum lífverum sem geta haft áhrif á gæði þeirra.
- 10) Uppfæra ætti grasfræðiheiti tiltekinna tegunda í tilskipun 93/61/EBE í samræmi við þróun vísindapekkingar sem hluta af uppfærslu á viðkomandi skrá.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Breytingar á tilskipun 2002/55/EB**

Tilskipun 2002/55/EB er breytt í samræmi við A-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

*2. gr.*

#### **Breytingar á tilskipun 2008/72/EB**

Í stað II. viðauka við tilskipun 2008/72/EB kemur texti B-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

*3. gr.*

#### **Breytingar á tilskipun 93/61/EBE**

Viðaukanum við tilskipun 93/61/EBE er breytt í samræmi við C-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

*4. gr.*

#### **Lögleiðing**

Aðildarríki skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2020. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*5. gr.*

#### **Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(4)</sup> Tilskipun ráðsins 92/33/EBE frá 28. apríl 1992 um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu fráei (Stjttíð. EB L 157, 10.6.1992, bls. 1).

6. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júní 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

## A-HLUTI

Tilskipun 2002/55/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„*Allium cepa* L.

— Ceba-yrkishópur (laukur, bananaskalottlaukur)

— *Aggregatum*-yrkishópur (skalottlaukur)

*Allium fistulosum* L. (pípulaukur)

— öll yrki

*Allium porrum* L. (blaðlaukur)

— öll yrki

*Allium sativum* L. (hvítlaukur)

— öll yrki

*Allium schoenoprasum* L. (graslaukur)

— öll yrki

*Anthriscus cerefolium* (L.) Hoffm. (kerfill)

— öll yrki

*Apium graveolens* L.

— Selleríhópur

— Hnúðsilluhópur

*Asparagus officinalis* L. (spergill)

— öll yrki

*Beta vulgaris* L.

— Rauðrófuhópur (rauðrófur, þ.m.t. Cheltenham-rófur)

— Blaðbeðjuhópur (blaðbeðjur)

*Brassica oleracea* L.

— Grænkálshópur

— Blómkálshópur

— Höfuðkálshópur (rauðkál og hvítkál)

— Rósakálshópur

— Hnúðkálshópur

— Blöðrukálshópur

— Spergilkálshópur (sprotakál)

— Pálmakálshópur

— Tronchuda-hópur (portúgalskt hvítkál)

*Brassica rapa* L.

— Kínakálshópur

— Næpugrænmetishópur

*Capsicum annuum* L. (eldpipar eða paprikur)

— öll yrki

*Cichorium endivia* L. (salatfífill)

— öll yrki

*Cichorium intybus* L.

— Jólasalatshópur

— Kaffifífillshópur (stórblaða kaffifífill eða ítalskur kaffifífill)

— Kaffifífillsrótarhópur

*Citrullus lanatus* (Thunb.) Matsum. et Nakai (vatnsmelónur)

— öll yrki

*Cucumis melo* L. (melónur)

— öll yrki

*Cucumis sativus* L.

— Gúrkuhópur

— Smágúrkuhópur

*Cucurbita maxima* Duchesne (tröllagrasker)

— öll yrki

*Cucurbita pepo* L. (grasker, þ.m.t. þroskuð risagrasker og pattypan-grasker eða dvergbítar, þ.m.t. óþroskuð pattypan-grasker)

— öll yrki

*Cynara cardunculus* L.

— Ætiþistlahópur

— Salatþistlahópur

*Daucus carota* L. (gulrætur og fóðurgulrætur)

— öll yrki

*Foeniculum vulgare* Mill. (fennikur)

— Azoricum-hópur

*Lactuca sativa* L. (salat)

— öll yrki

*Solanum lycopersicum* L. (tómatar)

— öll yrki

*Petroselinum crispum* (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)

— Steinseljubladahópur

— Steinseljurótarhópur

*Phaseolus coccineus* L. (glæsibaunir)

— öll yrki

*Phaseolus vulgaris* L.

— Buskabaunahópur

— Stangarbaunahópur

*Pisum sativum* L.

- Hýðisertuhópur
- Mergertuhópur
- Sykurertuhópur

*Raphanus sativus* L.

- Radísuhópur
- Vetrarhreðkuhópur

*Rheum rhabarbarum* L. (rabarbari)

- öll yrki

*Scorzonera hispanica* L. (svartrætur)

- öll yrki

*Solanum melongena* L. (eggaldin)

- öll yrki

*Spinacia oleracea* L. (spínat)

- öll yrki

*Valerianella locusta* (L.) Laterr. (strábrúða eða vorsalat)

- öll yrki

*Vicia faba* L. (breiðbaunir)

- öll yrki

*Zea mays* L.

- Sykurmaíshópur
- Poppmaíshópur

Öll yrki þeirra tegunda og hópa sem talin eru upp hér að framan.“

- 2) Í stað færslanna milli „*Asparagus officinalis*“ og „*Cichorium endivia*“ í fyrsta dálki töflunnar í a-lið 3. liðar í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„*Beta vulgaris* (rauðrófuhópur)

*Beta vulgaris* (annað en rauðrófuhópur)

*Brassica oleracea* (blómkálshópur)

*Brassica oleracea* (annað en blómkálshópur)

*Brassica rapa* (kínakálshópur)

*Brassica rapa* (næpugrænmetishópur)

*Capsicum annuum*

*Cichorium intybus* (jólasalatshópur, kaffifífilblaðahópur)

*Cichorium intybus* (kaffifífilsrótarhópur).“

- 3) Í stað færslanna milli „*Capsicum annuum*“ og „*Cichorium endivia*“ í fyrsta dálki töflunnar í 2. lið III. viðauka kemur eftirfarandi:

„*Cichorium intybus* (jólasalatshópur, kaffifífilblaðahópur)

*Cichorium intybus* (kaffifífilsrótarhópur).“

## B-HLUTI

## „II. VIÐAUKI

**Skrá yfir ættkvíslir og tegundir sem um getur í 2. mgr. 1. gr.***Allium cepa* L.

- Ceba-yrkishópur (laukar, bananaskalottlaukur)
- Aggregatum-yrkishópur (skalottlaukur)

*Allium fistulosum* L. (pípulaukur)

- öll yrki

*Allium porrum* L. (blaðlaukur)

- öll yrki

*Allium sativum* L. (hvítlaukur)

- öll yrki

*Allium schoenoprasum* L. (graslaukur)

- öll yrki

*Anthriscus cerefolium* (L.) Hoffm. (kerfill)

- öll yrki

*Apium graveolens* L.

- Sellerhópur
- Hnúðsilluhópur

*Asparagus officinalis* L. (sperglar)

- öll yrki

*Beta vulgaris* L.

- Rauðrófuhópur (rauðrófur, þ.m.t. Cheltenham-rófur)
- Blaðbeðjuhópur (blaðbeðjur)

*Brassica oleracea* L.

- Grænkálshópur
- Blómkálshópur
- Höfuðkálshópur (rauðkál og hvítkál)
- Rósakálshópur
- Hnúðkálshópur
- Blöðrukálshópur
- Spergilkálshópur (sprotakál)
- Pálmakálshópur
- Tronchuda-hópur (portúgalskt hvítkál)

*Brassica rapa* L.

- Kínakálshópur
- Næpugrænmetishópur

*Capsicum annuum* L. (eldpipar eða paprikur)

- öll yrki

*Cichorium endivia* L. (salatfífill)

- öll yrki

*Cichorium intybus* L.

- Jólalatshópur
- Kaffifífilshópur (stórblaða kaffifífill eða ítalskur kaffifífill)
- Kaffifífilsrótarhópur

*Citrullus lanatus* (Thunb.) Matsum. et Nakai (vatnsmelónur)

- öll yrki

*Cucumis melo* L. (melónur)

- öll yrki

*Cucumis sativus* L.

- Gúrkuhópur
- Smágúrkuhópur

*Cucurbita maxima* Duchesne (tröllagrasker)

- öll yrki

*Cucurbita pepo* L. (grasker, þ.m.t. þroskuð rísagrasker og pattypan-grasker eða dvergbítar, þ.m.t. óþroskuð pattypan-grasker)

- öll yrki

*Cynara cardunculus* L.

- Ætiþistlahópur
- Salatþistlahópur

*Daucus carota* L. (gulrætur og fódurgulrætur)

- öll yrki

*Foeniculum vulgare* Mill. (fennikur)

- Azoricum-hópur

*Lactuca sativa* L. (salat)

- öll yrki

*Solanum lycopersicum* L. (tómatar)

- öll yrki

*Petroselinum crispum* (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)

- Steinseljublaðahópur
- Steinseljurótarhópur

*Phaseolus coccineus* L. (glæsibaunir)

- öll yrki

*Phaseolus vulgaris* L.

- Buskabaunahópur
- Stangarbaunahópur

*Pisum sativum* L.

- Hýðisertuhópur
- Mergertuhópur
- Sykurertuhópur

*Raphanus sativus* L.

- Radísuhópur
- Vetrarhreðkuhópur



*Rheum rhabarbarum* L. (rabarbari)

— öll yrki

*Scorzonera hispanica* L. (svartrætur)

— öll yrki

*Solanum melongena* L. (eggaldin)

— öll yrki

*Spinacia oleracea* L. (spínat)

— öll yrki

*Valerianella locusta* (L.) Laterr. (strábrúða eða vorsalat)

— öll yrki

*Vicia faba* L. (breiðbaunir)

— öll yrki

*Zea mays* L.

— Sykurmaíshópur

— Poppmaís-hópur.“

#### C-HLUTI

Í viðaukanum við tilskipun 93/61/EBE er dálkinum „ættkvísl eða tegund“ breytt sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „*Allium ascalonicum*“ koma orðin „*Allium cepa* – Aggregatum-yrkishópur“.
- b) Í stað orðanna „*Allium cepa*“ koma orðin „*Allium cepa* – Cepa-yrkishópur“.
- c) Í stað orðanna „*Brassica pekinensis*“ koma orðin „*Brassica rapa* – Kínakálshópur“.
- d) Í stað orðanna „*Lycopersicon lycopersicum*“ koma orðin „*Solanum lycopersicum*“.